

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 14. febrúar 2014  
Tilvísun: UST20131100051/gsá

### Staðfesting á úrbótum móttekin - frestur veittur.

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 27. janúar 2014 þar sem **urðunarstað sveitarfélagsins Hornafjarðar, í Lóni**, var veitt áminning vegna **fimm frávíka** sem fram komu í reglubundnu eftirliti þann 12. október 2013, hvað varðar að neyðaráætlun lá ekki fyrir, ummerki voru um að fé kæmist inn á urðunarstaðinn, laust efni var á nokkrum stöðum um svæðið, starfseminni hefur ekki verið sett umhverfismarkmið og að haugur af grófu salti var á urðunarstaðnum og í honum allmikið af fiskúrgangi sem dró að sér vargfugl.


Þann 6. febrúar sl. barst Umhverfisstofnun bréf frá rekstraraðila þar sem fram kemur að neyðaráætlun hafi verið unnin og afrit af henni liggja nú frammi á starfstöðinni, eintak hefur einnig verið sent stofnuninni. Fram kemur einnig að grindverk í kringum urðunarstaðinn verði lagað nú í vor og eru áætluð verklok þann 1. júní 2014. Búið er að hylja laust efni á svæðinu og unnið er að undirbúningi útboðs á samningi við rekstraraðila urðunarstaðarins og verður lögð áhersla á að unnin verði umhverfismarkmið skv. gr. 2.3 í starfsleyfi. Verkstjóri áhaldahúss kemur til með að hafa eftirlit með því að salt og fiskúrgangur sé urðaður skv. gr. 4.3 í starfsleyfi.


Umhverfisstofnun gefur urðunarstað sveitarfélagsins Hornafjarðar, í Lóni, frest til að skila inn staðfestingu á að úrbætur hafi verið gerðar á grindverki í kringum urðunarstaðinn. Stofnunin óskar eftir nánari útskýringu á verklagi hvað varðar frávik vegna laus efnis á svæðinu og áætlun hvað varðar urðun þess. Lítur stofnunin á að úrbætur á öðrum frávikum séu fullnægjandi og mun ekki aðhafast frekar vegna þeirra.

**Hér með staðfestist að urðunarstaður sveitarfélagsins Hornafjarðar, í Lóni hefur bætt úr þremur frávikum af þeim fimm sem fram komu í reglubundnu eftirliti ársins 2013 en óskað er eftir staðfestingu á frágangi girðingar fyrir 15. júní 2014 og tímasettri áætlun um verklag vegna urðunar laus efnis á svæðinu fyrir 3. mars 2014. Neyðaráætlun hefur verið samþykkt.**

Upplýsingum skal skilað á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri



Guðbjörg Stella Arnadóttir  
Sérfræðingur